

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 14. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 21

16. apríl 1998

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 75 23. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 75 frá 23. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 75 frá 23. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra, að Geir Hilmar Haarde fer með ráðherra-störf þau sem Friðriki Sophussyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með fjármálaráðuneytið.

*Forsætisráðuneytinu, 16. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*